Notkunarleiðbeiningar

KNX IP-beinir
2167 00

KNX IP-tengi
2168 00

GIRA

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Raflagna-
kerfi
P.O. Box 1220
42461 Radevormwald
Sími +49 (0) 2195 / 602 - 0
Fax +49 (0) 2195 / 602 - 339
www.gira.de
info@gira.de


Öryggisupplýsingar

Eingöngu rafvirkjum er heimilt að annast ísetningu og uppsetningu raftækja.


Ef ekki er farið eftir leiðbeiningum getur það valdið skemmdum á tækinu og skapað eldhættu eða aðra hættu.

Þessar leiðbeiningar fylgja vörunni og skal kaupandi fá þær í hendur.

Uppbygging tækisins



IP-tengi



IP-beinir

1. Forritunarhnappur
2. KNX-tengi
3. Tengi fyrir ytri spennugjafa
4. Forritunarljós:
   rautt = tengi/beinir
   gult = gagnariti/tímastillir
5. Virkniljós (grænt):
   kveikt = tilbúið til notkunar
   blikkar = villukóði
6. Móttaka gagna á KNX-línu (gult)
7. Nettengi
8. microSD-kortalesari

Virkni

Upplýsingar um kerfið

Þetta tæki er hluti af KNX-kerfinu og samræmist viðmiðunarreglum KNX. Víðtæk fagþekking sem aflað hefur verið með KNX-þjálfun er skilyrði fyrir skilningi á virkni tækisins.

Virkni tækisins fer eftir hugbúnaði.

Nánari upplýsingar um hugbúnaðarútgáfur og virkni hverju sinni sem og um hugbúnaðinn sjálfan er að finna í gagnabanka framleiðanda.

Undirbúningur, uppsetning og gangsetning tækisins fara fram með hjálp hugbúnaðar sem vottaður er af KNX. Á vefsíðu okkar má ávallt finna nýjustu útgáfur tæknilýsinga og gagnabanka.

Rétt notkun

IP-tengi:

Til að tengja tölvu fyrir úthlutun á IP-tölum, forritun og greiningu fyrir KNX/EIB-einingar.

IP-beinir:

Til að tengja KNX/EIB-línur í gegnum gagnanet með IP-samskiptareglum.

Til að tengja við KNX/EIB-kerfi með Gira HomeServer/FacilityServer.

Eiginleikar vöru

IP-tengi:

- Ytri straumgjafi, DC 24 V

IP-beinir:

- Síar og framsendir boð
- Tengir saman línur eða svæði
- Notaður sem KNX-tímastillir
- Skráir KNX-boð á microSD-korti
- Ytri straumgjafi, DC 24 V

Upplýsingar fyrir rafvirkja

Uppsetning og tenging við rafmagn

⚠ HÆTTA!

Raflost ef komið er við spennuhafa hluti hjá uppsetningarstað.

Raflost getur verið banvænt.

Áður en unnið er við tækið skal taka strauminn af og hylja spennuhafa hluti umhverfis það!


Uppsetning tækis

Gætið að leyfilegu hitastigi. Sjáið til þess að nægileg kæling sé fyrir hendi.

- Komið tækinu fyrir á skinnu sem samræmist DIN EN 60715. Myndin sýnir hvernig tækið á að snúa.
- Tengið ytri spennugjafa við tengiklemmu (3). Mælt er með því að notuð sé hvít og gul tengiklemma.
- Tengið KNX-línuna með rauðri og svartri Bus-klemmu (2).
- Setjið lokið á KNX-tengið/ytri spennugjafann.
- Tengið við net með RJ45-tengi í RJ-innstungu (7).
- Stingið microSD-korti í kortalesarann (8) (IP-beinir).


Lokið sett á

Setja verður lok á Bus-tengið til að verja það gegn hættulegri spennu á tengisvæðinu.



- Gangið þannig frá Bus-leiðslunni að hún liggi aftur.
- Setjið lokið á Bus-klemmuna þannig að það festist.

Lokið tekið af



- Ýtið lokinu til hliðar og dragið það af.

Búnaðurinn tekinn í notkun

Raunvistfangi og verkbúnaði hlaðið inn

Notað sem	Raunvistfang
Línutengi	x.y.0
Svæðatengi	x.0.0
Gagnatengi	x.y.a
Gagnariti/ tímastillir	x.y.b

Gangsetningarhugbúnaður frá og með ETS3.0f.

IP-beinir/IP-tengi

- Styðjið á forritunarhnappinn (1) (< 4 sekúndur).
  Forritunarljósið (4) logar í rauðum lit.
- Úthlutið raunvistfangi.
  Forritunarljósið (4) slokknar.
- Skráið raunvistfangið á tækið.
- Hlaðið inn verkbúnaði, síutöflum, færibreytum o.s.frv.

IP-beinir sem gagnariti/tímastillir

- Haldið forritunarhnappinum (1) inni (> 4 sekúndur).
  Forritunarljósið (4) logar í gulum lit.
- Úthlutið raunvistfangi.
  Forritunarljósið (4) slokknar.
- Skráið raunvistfangið á tækið.
- Hlaðið inn verkbúnaði og færibreytum.

Viðauki

Tæknilýsing

KNX-miðill	TP1
Flokkur	S-flokkur (ETS)
Straumgjafi KNX	DC 21…30 V SELV
Straumnotkun KNX	venjul. 85 mA
KNX-tengi	Bus-tengiklemma
Ytri spennugjafi	
Spenna	DC 24...30 V
Inngangsafl	2 W (við DC 24 V)
Tenging	Tengiklemma
IP-samskipti	Ethernet 10/100 BaseT (10/100 Mbit/s)
IP-tenging	RJ45-innstunga
Studdir samskiptastaðlar	ARP, ICMP, IGMPv3, DHCP, AutoIP, UDP/IP (Core, Routing, Tunneling, Device Management)
microSD-kort	hám. 32 GByte (SDHC)
Umhverfishiti	0? til +45?
Geymsluhitastig	-25°C til +70°C
Ísetningarbreidd	36 mm (2 breiddareiningar)

Aukabúnaður

Aukaspennugjafi
Pöntunarnúmer: 1296 00

KNX/EIB-spennugjafi 320 mA
Pöntunarnúmer: 1086 00

Ábyrgð

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum.

Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (sérverslunar/uppsetningaraðila/raftækjaverslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á bjátar.

Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira Service Center.